



Akureyri 30. mars 2016

Atvinnuveganefnd Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

UMSÖGN til Atvinnuveganefndar Alþingis vegna 545. máls

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um matvæli, slátrun og eftirlit með fóðri (eftirlit, verkaskipting, EES-reglur), 545. mál, V. kafla kemur fram að tilfærsla á opinberu eftirlit með frumframleiðslu matjurta frá Matvælastofnun til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga verði til einföldunar þannig að frumframleiðendur matjurta verði undir eftirliti einnar stofnunar í stað tveggja. Þetta er rétt á þeim býlum þar sem eingöngu er um að ræða matjurtaframleiðslu ásamt pökkun. Öðru máli gegnir um þau býli þar sem saman fer búfjárrækt og matjurtarækt; þar verður eftir sem áður eftirlit að hálfu Matvælastofnunar með búfjárhaldi á viðkomandi býli (frumframleiðsla) og síðan bætist við eftirlit heilbrigðisnefndar vegna matjurtaframleiðslu (frumframleiðsla). Þannig felur umrædd tillaga að lagabreytingu í sér að alls staðar þar sem saman fer búfjárhald og matjurtaframleiðsla á einu og sama býlinu; þar verður viðkomandi frumframleiðandi undir eftirliti tveggja stofnana í stað einnar. Þessari ábendingu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst

Alfreð Schiöth
framkvæmdastjóri